

## Jafnréttisáætlun fyrir Ungmennafélag Selfoss

Jafnréttisáætlun Ungmennafélags Selfoss byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.

### IÐKENDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Öll kyn, í sömu íþróttagrein og á sama aldri, fái jafn marga og sambærilega æfingatíma.  Kynin hafi sambærilega aðstöðu/aðbúnað.	Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldri.  Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri.  Leiðréttta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum.  Kynjunum er ekki mismunað í fréttum eða í öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum.  Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns.  Leiðréttta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Verðlaun allra kynja innan allra flokka og greina eru sambærileg.  Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum.	Úttekt á verðlaunum eftir kyni  Leiðréttta kynbundinn mun ef er.  Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Vinna gegn staðalmyndum kynjanna.	Úttekt á fjölda iðkenda innan hvarrar íþróttagreinar eftir kyni.  Gæta þess að bæði kynin eigi jafna möguleika til iðkunar íþróttagreinar-/greina.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan félagsins.	Fræðsla fyrir þjálfara.  Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun.  Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólk.	Stjórn félagsins.	Árlega

### ÞJÁLFARAR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna.	Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.	Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns.  Leiðréttta kynbundinn mun ef er.		

## NEFNDIR OG RÁÐ

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum félagsins er sem jafnast og endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttarein	Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnum félagsins m.t.t. kyns.	Stjórn félagsins.	Árlega
Jafnrétti sé haft í huga varðandi það hverjir koma fram fyrir hönd félagsins.	Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns.  Leiðrétta kynbundinn mun ef er.		

## EFTIRFYLGNI/ENDURSKOÐUN

Jafnréttisáætlunin á að vera virk í öllu starfi félagsins, hún á að vera lifandi plagg sem tekur breytingum þegar þurfa bykir. Árlega fer stjórn félagsins yfir jafnréttisáætlunina og metur árangur verkefna. Hvað gerum við vel? Hvað getum við gert betur?

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins.	Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasiðu.	Stjórn	Árlega
Jafnréttisáætlunin er í sífeildri þróun.	Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu.		
Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti	Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu.  Ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi.		Fjórða hvert ár

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar Ungmennafélags Selfoss þann 6. nóvember 2019